

L Ö G

62

7. maí

um breyting á lögum nr. 79 23. júní 1936 [Lax- og silungsveiði].

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

Síðari másl. 5. gr. laganna skal orða svo:

Aldrei má girða yfir aðalstraumlinu ár né lengra en út í miðjan höfuðál óss eða leiru.

Gjört i Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

63

7. maí

um breyting á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Á eftir orðunum „við forstöðumann stýrimannaskólans í Reykjavík“ í 7. gr. laganna komi: forseta Fiskifélags Íslands og forseta Farmanna- og fiskimanna-sambands Íslands.

2. gr.

8. gr. laganna orðist þannig:

Verja skal árlega álíka miklu fé til vitamála og vitagjald hefir numið næsta ár á undan, meðan stendur á því að koma upp vitum þeim, sem um ræðir í 9. gr. Útgjöld til vitamála eru þau, sem hér segir:

1. Kostnaður við stjórn vitamála og rekstrarkostnaður vita og sjómerkja.
2. Viðhaldskostnaður vita og sjómerkja og kostnaður við nauðsynlegar endurbætur á þeim.
3. Kostnaður við að reisa nýja vita og koma upp nýjum sjómerkjum.

Nú verður vitagjaldinu eitthvert ár ekki öllu varið til þeirra þarfa, sem það er ætlað til samkvæmt þessari grein, og skal þá ónotaður afgangur gjaldsins lagður í sérstakan sjóð, sem notaður verði síðar til þess að reisa nýja vita, samkvæmt ákvörðun ráðherra, að fengnum tillögum vitamálastjóra.